

## Höfundakynning

Í bókmenntasögu er aldrei unnt að gera skil öllum höfundum sem þar eru nefndir. Nú er komið að þér að leita þá uppi sem útundan verða og heiðra minningu þeirra! Verkefnið felst nefnilega í því að leita upplýsinga um þessa höfunda sem allir nefndir eru í angurværð nýrrar aldar – mismikið þó. Sumir fá einhverja umfjöllun, á aðra er aðeins minnst örfáum orðum.

Veldu einn áhugaverðan höfund, rektu í fáum orðum lífshlaup hans. Leggðu áherslu á höfundaferilinn, hvað og hvernig hann skrifar. Sýndu alls staðar dæmi.

**Íslensk bókmenntasaga III og IV** munu reynast uppspretta vitneskju. Lestu um skáldið og taktu saman helstu atriði. Ef þú tekur upp orðréttan texta án þess að merkja hann rétt sýnir þú léleg vinnubrögð! Skiptu ritgerðinni í hluta, inngangur kemur fyrstur, svo meginmál í nokkrum köflum og síðan reka lokaorð lestina. Ekki gleyma tilvitnunum, tilvísunum og heimildaskrá.

### Listi yfir vænlega höfunda til umfjöllunar:

Einar Benediktsson  
Gunnar Gunnarsson  
Guðmundur Friðjónsson  
Herdís Andrésdóttir  
Jóhann Jónsson  
Jóhann Gunnar Sigurðsson  
Jón Trausti (Guðmundur Magnússon)  
Kristín Sigfúsdóttir  
Ólína Andrésdóttir  
Ólöf frá Hlöðum  
Sigríður Einars frá Munaðarnesi  
Sigurður Nordal  
Sigurður Sigurðsson frá Arnarholti

Pistill þinn um skáldið skal vera að minnsta kosti 2 síður að lengd, fjórar að hámarki. Farðu eftir öllum reglum varðandi heimildir og frágang. Ekki má taka texta annars manns og gera hann að sínum, muna að vísa rétt til heimilda.